

LÖG**um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1984,
um verðjöfnunargjald af raforkusölu.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Verðjöfnunargjald skal nema 16%.

2. gr.

Í stað orðsins „húshitunar“ í 8. gr. laganna komi: rafhitunar eða varmadælna.

3. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1985“ í 13. gr. laganna komi orðin: 31. desember 1986.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG**um skráningu skipa.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skráningarskylt eftir lögum þessum er sérhvert skip sem er 6 metrar á lengd eða stærra, mælt milli stafna, þegar eignarrétti á því er svo háttáð sem hér segir:

1. Ef skip er eign íslenska ríkisins, íslensks sveitarfélags eða opinberrar stofnunar.
2. Ef einstakur maður á skip þá skal hann vera íslenskur ríkisborgari og eiga heimilisfang á Íslandi.
3. Ef skip er eign félags með ótakmarkaðri ábyrgð, þar á meðal þegar félagsútgerð er á skipi, þá skulu allir félagsmenn vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi.
4. Ef skip er eign skráðs samlagsfélags þá skulu stjórnendur og þeir félagsmenn, er fulla

ábyrgð bera, allir vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi og þrjú fimmtu hlutar félagseigna hið minnsta vera í eign íslenskra ríkisborgara.

5. Ef skip er eign hlutafélags þá skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi og vera skráð í hlutafélagaskrá. Stjórnendur skulu allir vera íslenskir ríkisborgarar sem heimilisfang eiga á Íslandi, enda eigi íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, hluti í félaginu sem samsvari þremur fimmtu hlutafjár og fari á hluthafafundum með að minnsta kosti þrjú fimmtu hluta allra atkvæða.
6. Ef skip er í eign félags, samtaka eða stofnunar sem ákvæði 1. og 3.—5. tölul. taka ekki til þá skal félagið, samtökin eða stofnunin eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi. Stjórnendur skulu allir vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi, enda eigi íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, að minnsta kosti þrjú fimmtu af eign félags, samtaka eða stofnunar.

Samgönguráðherra er heimilt að leyfa þegar sérstakar ástæður mæla með því að kaupskip, sem íslensk útgerð rekur samkvæmt samningi, megi skrá hér á landi, enda þótt skilyrðum þeim um eignarhald, sem um getur í 1. mgr., sé ekki fullnægt.

Skilyrði leyfisveitingar eru:

- a. Að útgerð skips hafi lögheimili og varnarþing hér á landi.
- b. Að skip uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna um eftirlit með skipum.
- c. Að áhöfn skips sé íslensk. Veita má undanþágu frá skilyrði þessa staflíðar enda liggja fyrir samþykki viðkomandi samtaka sjómanna.
- d. Að skip hafi verið fellt af skipaskrá fyrra skráningarlands.
- e. Að veðbönd, sem hvíla á skipi þegar skráning þess fer fram héraðs eða stofnast í því eftir að það er skráð, séu skráð hjá viðkomandi þinglýsingardómurum hér á landi.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka eða fella niður stimpilgjöld af eignarheimildum og veðskuldabréfum sem þinglýst kann að verða hér á landi vegna skipa sem skráð verða héraðs samkvæmt 2. og 3. mgr. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd gjaldaívilnana samkvæmt þessari mgr.

2. gr.

Skip, sem fullnægja þjóðernisskilyrðum 1. mgr. 1. gr. eða skráð hafa verið samkvæmt 2. mgr. 1. gr., teljast íslensk skip og hafa rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands. Óheimilt er þeim að sigla undir þjóðfána annars ríkis.

3. gr.

Svifskip teljast til skipa samkvæmt lögum þessum.

Siglingamálastjóri ákveður að hverju leyti för eða tæki, sem á sjó fljóta, en eru ekki knúin af hreyfiafli í þeim sjálfum, skuli tekin á skipaskrá.

Bráðabirgðaskráning má fara fram á skipum sem eru í smíðum eða ófullgerð að öðru leyti eftir reglum sem siglingamálastjóri setur.

4. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins heldur aðalskipaskrá yfir öll skip sem skráð eru samkvæmt lögum þessum. Skráin má vera lausbladabók.

Aðalskipaskrá skal greina um hvert skip sér:

1. Skipaskrárnúmer sem helst óbreytt meðan skipið er skráð á Íslandi.
2. Nafn.
3. Einkennisbókstafi (kallmerki).
4. Umdæmisbókstafi og tölu.

5. Heimilisfang.
6. Gerð og aðalmál.
7. Smíðastöð og hvenær smíðað.
8. Hvenær mælibréf er gefið út.
9. Gerð og stærð aðalvélar.
10. Fullt nafn og heimilisfang eigenda eða leigutaka samkvæmt 2. mgr. 1. gr. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn og skal þá greina hversu mikinn hluta hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er í eign félags eða stofnunar skal greint nafn þess eða hennar, nöfn og heimili stjórnenda og nafn framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra.
11. Hvar og hvenær eignarskírteini eiganda er út gefið eða eigenda ef fleiri eru en einn.
12. Skráningardag og ár.
Siglingamálastofnun gefur árlega út skipaskrá yfir íslensk þilskip.

5. gr.

Heimahöfn skráðs skips skal vera þar sem eigandi eða leigutaki samkvæmt 2. mgr. 1. gr. ætlar því heimilisfang.

Siglingamálastjóri getur veitt eiganda skips einkarétt til nafns á skipi. Sama gildir um einkarétt til reykháfsmerkja og annarra einkenna á skipinu, þar á meðal sérfána. Bannað er öðrum að nota skipanöfn eða einkenni sem einkaréttur hefur verið veittur á eða svo lík nöfn eða einkenni að villu geti valdið, þó má haldast óbreytt nafn og einkenni skips sem skráð hefur verið fyrir veitingu á einkaleyfi meðan það helst í eigu sama aðila. Einkaréttur til nafns eða einkennis fellur úr gildi þrem árum eftir að skip hefur verið afmáð af skipaskrá ef eigandi heitisins eða einkennisins hefur ekki endurnýjað það á öðru skipi. Siglingamálastofnunin heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa sem einkaréttur hefur verið veittur á og birtir jafnóðum í Lögbirtingablaðinu allar einkaleyfisveitingar, svo og í árlegri skipaskrá.

6. gr.

Um frumskráningu skips fer sem hér segir. Ný skip, sem smíðuð eru hér á landi, skal tilkynna Siglingamálastofnuninni til skráningar áður en þau eru tekin til notkunar. Önnur skip, sem skrá ber hér á landi, skal tilkynna um leið og þau komast í eign íslensks aðila samkvæmt 1. gr., enda fari ekki fram bráðabirgðaskráning samkvæmt 9. gr.

Eigandi skips eða eigendur senda Siglingamálastofnuninni beiðni um skráningu, ritaða á eyðublað frá stofnuninni, eins og getið er í 17. gr.

Siglingamálastjóri ákveður hvaða upplýsingar um skip, sem getur í 4. gr., skuli vera í skráningarbeiðni, enda skal eyðublað fyrir beiðnina bera það með sér.

Fylgja skal skráningarbeiðni skipasmíðaskírteini eða annað eignarheimildarbréf skráningarbeiðanda. Ef notað skip er flutt hingað til lands frá útlöndum skal fylgja vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

Siglingamálastofnunin sendir hlutaðeigandi þinglýsingardómara tilkynningu um skráningu þegar hún hefur farið fram.

Siglingamálastjóri getur veitt leyfi og einkarétt til nafns skips og annarra einkenna þó að skilyrði til skráningar séu ekki enn fyrir hendi.

7. gr.

Siglingamálastjóri gefur út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa skráðum skipum sem eru stærri en 15 metrar að mestu lengd og skrásetningarskírteini fyrir skip sem eru minni en 15 metrar að lengd. Fari skip sem er minna en 15 metrar milli Íslands og annarra landa skal gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa því. Í þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal greina aðalmál skips, brúttó- og nettó-rúmlestatölu, gerð, nafn, heimahöfn,

skráningarnúmer, einkennisbókstafi, nafn eiganda eða eigenda og hvenær eignarskilríki er gefið út, nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild, hvenær hún er dagsett og hvar gefin út, svo og sé um fiskiskip að ræða umdæmisbókstafi og tölu.

8. gr.

Á hvert skráð skip skal marka nafn skips, heimili og einkennisbókstafi samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.

Bannað er að leynd nafni skips eða heimili eða nema brott. Ekki má heldur merkja skip öðru nafni en það er skráð undir.

9. gr.

Nú er skip smíðað erlendis fyrir aðila er hér má láta skrá skip sitt eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis og getur þá fulltrúi utanríkisþjónustu Íslands, sem til þess hefur fengið heimild, gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa skipinu til bráðabirgða.

Í þjóðernis- og skrásetningarskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og gerð.
2. Hvar og hvenær skip sé smíðað eða keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt skipasmíðaskírteini eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um rúmlestatal skips, lögun þess og lýsingu.

Beiðni um útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteinis til bráðabirgða skulu fylgja fullnægjandi gögn um atríði þau sem greina skal í skírteininu, svo og vottorð hlutadeigandi erlends skráningaryfirvalds um að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

Jafnskjótt sem fulltrúi Íslands gefur út þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal hann senda Siglingamálastofnuninni staðfest afrit af því og gögnum þeim sem útgáfubeiðni fylgdu.

Þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það yfirvöldum þegar þess er krafist.

Bráðabirgðabíðernisskírteini skal gilda sem venjulegt þjóðernis- og skrásetningarskírteini en þó eigi lengur en einn almanaks mánuð frá útgáfudegi nema sérstök heimild siglingamálastjóra komi til.

10. gr.

Þegar skipstjóraskipti verða á íslensku skipi sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefur hlotið ritar lögskráningarstjóri nafn skipstjóra þess er við tekur á þjóðernis- og skrásetningarskírteini og getur jafnframt skipstjórnarheimildar hans. Sama gildir um fulltrúa Íslands erlendis, sbr. 9. gr., ef skipstjóraskipti verða í erlendri höfn.

Að öðru leyti er bæði handhafa þjóðernis- og skrásetningarskírteinis og öllum öðrum en Siglingamálastofnuninni bannað að rita nokkuð á skírteinin eða breyta nokkru í þeim.

11. gr.

Nýtt þjóðernis- eða skrásetningarskírteini skal gefa út í stað eldra þegar svo stendur á sem hér segir, enda sé þá eldra skírteini skilað nema glatað sé.

1. Ef breytt er nafni skips.
2. Ef breytt er heimilisfangi skips.
3. Ef skipi er breytt svo að það svarar ekki lengur til þess er í þjóðernis- og skrásetningarskírteini stendur um gerð þess, aðalmál eða rúmlestatölu.
4. Ef eigendaskipti verða á skipi.
5. Ef þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefur glatast. Nú hefur skip, sem statt er erlendis, glatað þjóðernis- og skrásetningarskírteini sínu og getur þá fulltrúi Íslands gefið því þjóðernis- og skrásetningarskírteini til bráðabirgða, enda skal þá, eftir því sem við verður komið, farið eftir reglum 9. gr.

12. gr.

Þegar nýr eigandi að skráðu skipi eða skipshluta lætur þinglýsa eignarheimild sinni skal hann í viðurvist þinglýsingardómara birta beiðni um skráningu á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. Þinglýsingardómari skal innan þriggja virkra daga senda Siglingamálastofnuninni skráningarbeiðnina ásamt endurriti af hinni þinglesnu eignarheimild.

Óheimilt er nýjum eiganda að láta lögskrá skipshöfn á skipið í sínu nafni fyrr en skráningarbeiðnin hefur borist Siglingamálastofnuninni, skipið verið skráð á aðalskipaskrá og nauðsynleg skjöl gefin út því til handa, enda skulu þau sýnd lögskráningarmanni.

Þegar eigendaskipti verða samkvæmt framanskráðu ber hinn fyrri eigandi ábyrgð á skoðunargjöldum vegna skipsins uns umskráning hefur farið fram.

13. gr.

Ef eigandi skráðs skips vill fá því nýtt nafn eða nýtt heimilisfang skal hann senda Siglingamálastofnuninni tilkynningu um það, sbr. 17. gr. Óheimilt er að breyta nafni eða heimilisfangi fyrr en Siglingamálastofnunin hefur skráð hið nýja nafn eða heimilisfang á aðalskrá.

Nú er nafni skips eða heimilisfangi breytt á aðalskrá og tilkynnir Siglingamálastofnunin það þá þegar í stað þinglýsingardómara í því þinglýsingaumdæmi þar sem skip á eða átti heimilisfang, en hann skal án tafar tilkynna breytinguna veðhöfum eða öðrum óbeinum rétthöfum í skipinu ef þeir eru kunnir.

Nú veldur hið nýja heimilisfang því að skip er flutt milli þinglýsingaumdæma og skal Siglingamálastofnunin þá einnig tilkynna flutninginn þinglýsingardómara í því umdæmi sem skip er flutt í. Þinglýsingardómari í því umdæmi, þar sem skipið átti áður heimilisfang, skal tafarlaust senda þinglýsingardómara í því umdæmi, sem skip er flutt í, staðfest endurrit eða ljósrit af öllum þinglýstum skjölum sem í gildi eru um skipið og enn fremur eignar- og veðbókarvottorð. Skulu skjöl þessi þinglesin í hinu nýja umdæmi skipsins, enda rofna réttaráhrif þinglýsingar ekki vegna flutningsins. Fyrir hinn nýja þinglestur skal ekkert gjald greiða.

14. gr.

Nú verður breyting á einhverjum atriðum sem skrá skal á aðalskipaskrá samkvæmt 4. gr. en er ekki þegar getið í 12. og 13. gr. og ber þá eiganda eða eigendum skips að tilkynna Siglingamálastofnuninni breytinguna þegar í stað, sbr. 17. gr.

15. gr.

Afmá skal skip af aðalskipaskrá:

1. Ef það fullnægir ekki lengur skilyrðum 1. gr.
2. Ef það hefur farist svo að um sé kunnugt, sömuleiðis ef það hefur horfið án þess að til þess hafi spurst í 6 mánuði.
3. Ef það er rífið, metið ónýtt eða ekki talið þess virði að við það sé gert.
4. Ef það hefur legið ónotað í höfn eða skipalægi eða staðið á landi í 3 ár samfleytt hérlendis eða erlendis.
5. Ef um opin bát er að ræða og aðalskoðun hefur ekki farið fram á honum í 5 ár samfleytt.

Framangreind atriði skulu sönnuð með opinberu vottorði, skoðun eða á annan þann hátt sem siglingamálastjóri telur fullnægjandi.

Þegar eiganda skips verður kunnugt um einhver atriði sem eiga að valda afmáningu þess af skipaskrá samkvæmt 1. mgr. skal hann þegar í stað tilkynna Siglingamálastofnuninni það á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. Ef skipið hefur fengið þjófðernis- og skrásetningar-skírteini skal eigandi afhenda það Siglingamálastofnuninni nema glatað sé.

16. gr.

Nú er skip afmáð af aðalskipaskrá og tilkynnir Siglingamálastofnunin það þá þegar í stað hlutaðeigandi þinglýsingardómara, en hann tilkynnir það án tafar þinglesnum rétthöfum í skipinu sem um er kunnugt. Ef skipið er ekki felld úr þinglýsingabókum skal afmáningar af skipaskrá getið þar á blaði skips og einnig á veðbókarvottorðum um skipið.

17. gr.

Skrásetningarbeiðnir og tilkynningar samkvæmt 6. gr., 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr. og 15. gr. skal rita á viðeigandi eyðublöð sem Siglingamálastofnunin lætur í té og fá má hjá henni og þinglýsingardómurum.

18. gr.

Ef siglingamálastjóri telur vafa leika á því að skip fullnægi skilyrðum um skráningu hér á landi eða hann telur einhver önnur atriði, sem skráningu varða, ekki nægilega í ljós leidd getur hann æst þess að héraðsdómari rannsaki málið að hætti opinberra mála. Að rannsókn lokinni getur siglingamálastjóri borið undir úrskurð ráðherra hvernig með málið skuli fara.

Hvort sem rannsókn samkvæmt 1. mgr. hefur fram farið eða ekki getur eigandi skips eða annar aðili, sem réttar hefur að gæta en telur rétti sínum hallað með úrlausn siglingamálastjóra eða ráðherra, borið mál sitt undir úrlausn dómstóla.

19. gr.

Siglingamálastjóri getur, þegar sérstök ástæða er til, veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til að fara hér hafna á milli áður en það er skráð á aðalskipaskrá. Hefur þá leiðarbréf sama gildi hér á landi sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini.

Siglingamálastjóra er einnig heimilt, ef nauðsyn ber til að skip fari þegar til útlanda, að veita því þjóðernis- og skrásetningarskírteini til bráðabirgða til siglingar þangað enda þótt eitthvað bresti á til þess að skráning á aðalskipaskrá megi þegar fram fara.

20. gr.

Fyrir útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteinis, útgáfu mælibréfs, áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini, endurrit mælibréfs, einkaleyfi á skipsnafni eða öðrum einkennum samkvæmt 5. gr. og nafnbreytingu á skipi skal eigandi greiða gjöld í ríkissjóð samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

21. gr.

Hver sem með röngum, villandi eða ófullnægjandi skýrslum kemur því til leiðar að gefið er út þjóðernis- og skrásetningarskírteini samkvæmt 7. gr., 9. gr., 11. gr. eða 19. gr. til handa skipi sem fullnægir ekki þjóðernisskilyrðum 1. gr., svo og hver sá, sem lætur skip sigla með íslensku þjóðernis- og skrásetningarskírteini eftir að honum er kunnugt um að það fullnægir ekki lengur þjóðernisskilyrðum 1. gr., enda hafi ekki verið veittur frestur samkvæmt 15. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi.

22. gr.

Hver sem lætur skip sigla án lögmætra merkja samkvæmt 8. gr., nemur ranglega af skipi slík merki, setur rangt merki á skip eða leynir ranglega nafni skips eða heimili skal sæta sektum eða varðhaldi.

23. gr.

Hver sem í skráningarbeiðni eða tilkynningu til Siglingamálastofnunarinnar samkvæmt lögum þessum veitir rangar eða villandi upplýsingar eða skýrslur eða vanrækir að senda stofnuninni lögboðnar skráningarbeiðnir eða tilkynningar skal sæta sektum eða varðhaldi.

Hver sem lætur skip, sem skylt er að hafa þjóðernis- og skrásetningarskírteini, sigla án þess, sbr. 9. gr., skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að skila ekki þjóðernis- eða

skrásetningarskírteini þegar slíkt er skylt, sbr. 11. og 15. gr. Enn varðar sömu refsingu að rita nokkuð á þjóðernis- og skrásetningarskírteini heimildarlaust, sbr. 10. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. um notkun þjóðfána og brot gegn ákvæðum 5. gr. um einkarétt til nafns eða einkenna varða sektum.

24. gr.

Um brot samkvæmt 21.—23. gr. skal beita reglum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild, þar á meðal gagnvart skipstjórnarmönnum.

Nú er brot, sem um getur í 21.—23. gr., framið með verknaði, svo sem skjalafalsi, sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

25. gr.

Skip er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 21.—23. gr.

Taka má sektir fjárnámi í búi hinna seku.

Sektir renna í ríkissjóð.

26. gr.

Skip, sem löglega hafa verið skráð þegar lög þessi öðlast gildi, halda skráningarrétti sínum.

Lög þessi haggja ekki við neinum ákvæðum laga um rétt til fiskveiða í landhelgi, nr. 33 19. júní 1922.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 53/1970, um skráningu skipa.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. másl. 1. tölul. 10. gr. laganna hljóði svo:

Skal gjaldið nema 735 kr. á hvern gjaldanda.

Í stað „115 500“ í 3. másl. 1. tölul. 10. gr. komi: 122 058.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.